

**Nr. 18-068 S 044 Langvía ÍS 416*****Bilun í búnaði***

*Skipaskr.nr.* 7555  
*Útgerð:* Iceland Sea Angling hf  
*Smíðaður:* Hafnarfjörður, 2006, plast  
*Stærð:* 4,57 brl. 3,47 bt.  
*Mesta lengd:* 6,99 m *Skráð lengd:* 6,93 m  
*Breidd:* 2,33 m *Dýpt:* 1,51 m  
*Vél:* Volvo Penta 67,2 kW, 2006  
*Fjöldi skipverja:*

**Gögn:**  
Gögn RNSA.



Langvía © Hilmar Snorrason

*Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 3. maí 2018 var frístundafiskiskipið Langvía ÍS 416 á siglingu út af Vestfjörðum. Veður: SV 6-7 m/sek.

Á siglingunni missti báturinn allt rafmagn þannig að siglinga- og fjarskiptatæki urðu óvirk.

***Við rannsókn kom fram:***

- að í bátinum var einn rafall til hleðslu á tveimur rafgeymum, annan fyrir ræsingu vélar og hinn fyrir önnur tæki;
- að bilun varð í hleðsludeili sem skipti hleðslunni á milli rafgeyma og varð þess valdandi að geymirinn fyrir tækin fékk ekki hleðslu.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.